

Fimmtudagurinn 11. desember 1997 kl. 12:30

102. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 46/1997

**Beiðni Svínaræktarfélags Íslands um undanþágu
vegna útgáfu leiðbeinandi verðs á svínaafurðum fyrir félagsmenn**

I.

Málavextir

1.

Svínaræktarfélag Íslands óskar í erindi, dags. 11. september 1997, eftir undanþágu, frá bannákvæðum samkeppnislaga, til að gefa út leiðbeinandi verð á svínaafurðum fyrir félagsmenn sína. Svínaræktarfélagið vísar til undanþágu frá a. lið 10. gr. og 12. gr. samkeppnislaga, þar sem lagt er bann við verðsamráði fyrirtækja á sama sölustigi, sem samkeppnisráð veitti Félagi kjúklingabænda og Félagi eggjaframleiðenda til að gefa út leiðbeinandi verð á kjúklingum og eggjum. Ennfremur segir í erindinu: „*SFÍ telur mikilvægt að gefa út leiðbeinandi verð á svínaafurðum til félagsmanna sinna með svipuðum hætti og gert var allt frá stofnun félagsins árið 1976 og til ársins 1994 þegar því var hætt samkvæmt tilmælum frá Samkeppnisstofnun.*“

Í rökstuðningi fyrir erindinu segir:

„*1. Enginn skylduaðild er að Svínaræktarfélagi Íslands og hefur svo aldrei verið. Því er það ekki sjálfgefið að samkeppni yrði engin þó svo að félagsmenn reyndu að halda sig við leiðbeinandi verðskrá félagsins. Slík leiðbeinandi verðskrá hefur því aðeins gildi að hún endurspegli raunverulegar markaðsaðstæður á hverjum tíma. Hvorki einstakir svínabændur né Svínaræktarfélag Íslands geta notað þessa viðmiðunarverðskrá til þess að knýja fram óeðlilega hátt verð í trássi við aðstæður á markaði.*“

2. Á síðastliðnum 12 til 15 árum hefur orðið stórlækkun á verði svínakjöts frá framleiðendum eins og sjá má á meðfylgjandi gögnum. Þar má sjá að frá árinu 1984 til ársins 1996 hefur verð til svínabænda á algengasta verðflokki sem er Grís IA lækkað úr 484 kr. í 250 kr. á föstu verðlagi og er þetta 48% lækkun. Þetta hefur gerst þrátt fyrir að sett hafi verið fram viðmiðunarverð á svínakjöti frá framleiðendum.

3. Grunnur að leiðbeinandi verðskrá kjötafurða er ávallt löggilt kjötmat. Svínaafurðir eru þar flokkaðar í einstaka kjötmatsflokka. Mikilvægt er fyrir svínabændur að verð á einstökum kjötmatsflokkum endurspegli rétt verðbil á milli þeirra eftir raunverulegu verðmæti þeirra. Eftir að svínabændur hættu að gefa út viðmiðunarverðskrá á sínum tíma hefur þetta verðbil raskast verulega bændum í óhag. Þannig hafa kaupendur á markaðnum m.a. stórir sláturleyfishafar gefið út verð til bænda þar sem svínakjöt sem fer í lakari kjötmatsflokka hefur verið verðlagt alveg úr takt við eðlilegt verðmæti þess í samanburði við svínakjöt sem fer t.d. í Grís úrval eða Grís IA.

4. Í samkeppnislögum á Norðurlöndum eru nokkrar undanþágur til landbúnaðar sem gera bændum eða fyrirtækjum þeirra heimilt að hafa ýmis konar samráð og samstarf um verðlagningu og sölu búvara. Þetta er gert m.a. vegna þess að margir smáir og dreifðir frumframleiðendur eins og bændur eru, mega sín lítils gegn vaxandi innkaupamætti stóru smásölukeðjanna sem oftast en ekki eru ráðandi um verð afurða bænda á markaðnum. Í sumum löndum er bannað að selja vörur undir kostnaðarverði. Samkeppnislög á Íslandi eru ekki sambærileg við þetta enda hefur reynslan verið sú að óspart hefur verið gripið til þess að keyra verð á tilteknum landbúnaðarvörum langt niður fyrir kostnaðarverð í því skyni að fá ódýrar auglýsingar og laða að viðskiptavinum. Í þessum tilfellum bitna óeðlilegir viðskiptahættir af þessu tagi á öllum framleiðendum viðkomandi vöru. Ekki er óeðlilegt að leyfa framleiðendum svipað samstarf hér og tíðkast víða annars staðar t.d. með heimild til Svínaræktarfélags Íslands til að gefa út leiðbeinandi verð á afurðum sínum.“

Að lokum segir í erindinu: „Reynslan hefur sýnt með óyggjandi hætti að skipan svínabænda á framleiðslu, sölu og verðlagsmálum sínum hefur orðið hvati til örari framfara í svínarækt en orðið hefur í öðrum kjötgreinum. Þetta hefur

einnig leitt til aukinnar samkeppni á milli sláturleyfishafa. Þessi stefna hefur jafnframt tryggt það að neytendur njóta árangurs umbótanna jafn óðum í lægra vöruverði. Þar sem allhörð samkeppni ríkir á íslenskum kjötmarkaði, hefur þessi sérstaða svínaræktarinnar jafnframt haft umtalsverð og augljós áhrif á verðþróun annarra kjöttegunda“.

Í fylgiskjali með beiðni Svínaræktarfélagins koma meðal annars fram upplýsingar um þróun framleiðslu og verðs svínaafurða á undanförunum árum.

II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Svínaræktarfélagins var, 9. október sl., sent Framleiðsluráði landbúnaðarins og Neytendasamtökunum til umsagnar.

2.

Umsögn framleiðsluráðs barst Samkeppnisstofnun með bréfi, dags. 21. október 1997. Þar kemur fram að á fundi framleiðsluráðs hafi verið ákveðið að vísa til bréfs sem ráðið sendi Samkeppnisstofnun 23. nóvember 1993. Bréf það sem framleiðsluráðið vísar til var umsögn ráðsins um erindi Svínaræktarfélag Íslands, frá 27. október 1993, til Samkeppnisstofnunar. Í því erindi hafði Svínaræktarfélagið óskað eftir við Samkeppnisstofnun að fá undanþágu frá bannákvæðum samkeppnislaga til þess að gefa út viðmiðunarverðskrá fyrir svínaafurðir þar sem félagið taldi að skilyrði samkvæmt öllum staflíðum 16. gr. samkeppnislaga væru fyrir hendi.

Umsögn framleiðsluráðs, dags. 23. nóvember 1993, um fyrra erindi Svínaræktarfélagins sem ráðið vill að gildi einnig sem umsögn um hið nýja erindi félagsins hljóðar þannig:

„Bréf yðar, dags. 11. nóv. sl., þar sem leitað er umsagnar varðandi beiðni Svínaræktarfélags Íslands um undanþágu frá banni við útgáfu á viðmiðunargjaldskrá var rætt á fundi Framleiðsluráðs landbúnaðarins þann

20. nóv. sl., og þar samþykkt að mæla með því við Samkeppnisstofnun að Svínaræktarfélaginu verði heimilað að gefa út slíkar verðskrár.“

3.

Neytendasamtökin segja í umsögn sinni, dags. 3. nóvember sl., um erindi Svínaræktarfélagsins að ekki hafi orðið breyting á afstöðu samtakanna frá því að félagið síðast sendi inn erindi sama efnis. Í fyrri umsögn sinni lögðust Neytendasamtökin eindregið gegn því að Svínaræktarfélaginu yrði heimilað að gefa út leiðbeinandi verðskrá. Samtökin telja ekki að nein breyting hafi átt sér stað sem réttlæti slíka heimild nú.

Neytendasamtökin telja tilgang Svínaræktarfélagsins með útgáfu leiðbeinandi verðskrár vera að halda uppi verði á svínakjöti. Samtökin minna á að á sama tíma og neysla svínakjöts hafi aukist hafi framleiðendum innan greinarinnar fækkað og að eðlilegt sé að hagræðing innan greinarinnar skili sér til neytenda, en það myndi aftur á móti leiðbeinandi verðskrá hindra.

Varðandi tilvísun Svínaræktarfélagsins í undanþágur til landbúnaðar í nágrannalöndum segir í umsögn samtakanna „...að samkeppnishömlur, samráð og samstarf innan landbúnaðarins hefur leitt af sér óhagkvæmni sem neytendur þurfa að greiða fyrir í hærra verði þessara vara.“

Í lok umsagnarinnar segir að Neytendasamtökin taki undir síðustu málsgrein í erindi Svínaræktarfélagsins, þar sem félagið lýsir því meðal annars að umbætur í greininni hafi komið neytendum til góða í lægra vöruverði og einnig haft áhrif á verðþróun annarra kjöttegunda. Leiðbeinandi verðskrá telja Neytendasamtökin ljóst að myndi vinna gegn þeim árangri sem lýst er og neytendur hafa notið góðs af.

4.

Samkeppnisstofnun skrifaði Svínaræktarfélagi Íslands bréf, dags. 28. október sl., og óskaði frekari útskýringa og raka vegna fullyrðinga sem fram koma í 3. lið rökstuðnings með erindi félagsins. Í þessum lið erindisins er fullyrt að m.a. stórir sláturleyfishafar gefi út verð til bænda og að verðlagning lakari

kjötmatflokka sé þar úr takt við „eðlilegt verðmæti“ í samanburði við verðlagningu kjöts í hærri gæðaflokkum.

Svínaræktarfélagið segir í svarbréfi, dags. 10. nóvember sl., að félagið telji að eftir að það hætti útgáfu á viðmiðunarverðskrá á svínaafurðum 1994 hafi orðið röskun á verðlagningu einstakra kjötmatflokka framleiðendum í óhag. Félagið segir að það kjötmatskerfi sem unnið sé eftir í dag sé frá árinu 1988, en verðlagningu flokka í þessu kerfi segir félagið hafa verið fundna út í samráði svínabænda, sláturleyfishafa og RALA á sínum tíma. Um viðmiðunarverðskrána segir eftirfarandi: „Viðmiðunarverðskrá Svínaræktarfélags Íslands var sá grunnur sem unnið var eftir á hverjum tíma við verðlagningu svínaafurða á milli kaupenda og seljenda. Af markaðsástæðum sem ráðast af framboði og eftirspurn á svínakjöti þá komu oft tímabil sem að ekki tókst að ná fram viðmiðunarverði en þá var markaðsverð á einstökum kjötmatflokkum svínakjöts hlutfallslega í samræmi við viðmiðunarverðskrá á hverjum tíma.“

Með svarbréfi Svínaræktarfélagsins fylgir blað sem sýnir viðmiðunarverðskrá félagsins frá því í október 1994 og greiðslur, síðastliðið sumar, til bænda frá tveimur stórum sláturleyfishöfum á markaðinum. Hjá sláturleyfishöfum segir félagið að fram komi verulegur verðmunur á einstökum kjötmatflokkum sem sé frábrugðinn því sem var á sínum tíma í viðmiðunarverðskrá félagsins. Svínaræktarfélagið hafi í sinni verðskrá til dæmis ekki verðmismunun á kjötmatflokki IAX, sem er X merktur vegna verkunargalla, og flokki IA. Sláturleyfishafar hafi aftur á móti verðmun og það mismikinn. Félagið fullyrðir enn fremur að það sé viðurkennt meðal kaupenda að verðmunur til dæmis á Grís IA og IB sem fram kemur á blaðinu frá sláturleyfishafa A sé ekki forsvaranlegur með tilliti til kjötnýtingar og vinnuslúvirðis þessara flokka. Félagið segir þau svör hafa fengist hjá þessum sláturleyfishafa að hann niðurgreiði sláturkostnað á Grís IA með mismuninum.

Undir lok svarbréfs félagsins segir: „Við þá breytingu að svínabændur gátu ekki lengur haldið fram viðmiðunarverðskrá á afurðum sínum sem jafnframt hefur verið tæki til þess að halda fram réttum verðhlutföllum milli einstakra kjötmatflokka svínakjöts hefur verðbil milli einstakra flokka aukist

framleiðendum til tjóns og kaupendum til hagsbóta. Þetta hefur sérstaklega gerst hjá stærstu sláturleyfishöfunum sem hafa marga bændur í viðskiptum.“

III.

Lagaumhverfi

1.

Í a. lið 10. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 er kveðið á um að samningar og samþykktir, bindandi eða leiðbeinandi, ásamt samstilltum aðgerðum fyrirtækja á sama sölustigi séu bannaðar þegar þær lúta að eða sé ætlað að hafa áhrif á verð, afslætti eða álagningu.

Í 12. gr. samkeppnislaganna er meðal annars kveðið á um að samtökum fyrirtækja sé óheimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem bannaðar séu samkvæmt lögnum.

Samkvæmt 16. gr. samkeppnislaga hefur samkeppnisráð heimild til að veita undanþágu frá bannákvæðum samkeppnislaga ef samkeppni eykst á viðkomandi markaði, vænta megi þess að jákvæð áhrif samkeppnishindrana vegi þyngra en ókostir þeirra eða sérstakar ástæður er varða almannaheill eru fyrir hendi.

2.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvara skal sexmannanefnd ákvarða verð á búvöru til framleiðanda fari Bændasamtök Íslands og samtök framleiðenda í viðkomandi grein þess á leit.

Í 1. mgr. 18. gr. búvörulaga nr. 99/1993 segir: „*Enginn má kaupa eða selja búvöru innan lands á öðru verði en ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum þessara laga.*“

IV. Niðurstöður

1.

Í erindi þessu óskar Svínaræktarfélag Íslands eftir undanþágu frá bannákvæðum samkeppnislaga til þess að gefa út leiðbeinandi verð fyrir félagsmenn sína, þ.e. framleiðendur svínakjöts í skilningi búvörulaga. Í upphafi erindisins er vísað til undanþágu sem samkeppnisráð veitti Félagi eggjaframleiðenda og Félagi kjúklingabænda, árið 1996, til þess að gefa út leiðbeinandi verð fyrir félagsmenn á framleiðsluvörum þeirra. Í niðurstöðukafla ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 45/1996 vegna beiðni Félags eggjaframleiðenda segir í þriðja tölulið:

„Það er mat samkeppnisráðs að tímabundin undanþága frá bannákvæði a. liðar 10. gr. samkeppnislaga, sbr. 12. gr., til handa Félagi eggjaframleiðenda geti í ljósi þess að afurðir þeirra eru nú háðar opinberri verðákvörðun, fallið að skilyrðum a. og b. liða 16. gr. samkeppnislaga.

Þegar litið er á að undanþágan er liður í því að hverfa frá opinberri verðstýringu á eggjum til frjálsrar samkeppni í viðskiptum með egg er undanþága frá a. lið 10. gr. samkeppnislaga í samræmi við markmið laganna, sbr. 1. gr. þeirra.“

Í ákvörðunarorðum ákvörðunar nr. 45/1996 segir síðan, „*Með vísan til skilyrða í a. og b. liðum 16. gr. samkeppnislaga ákveður samkeppnisráð að heimila Félagi eggjaframleiðenda undanþágu frá a. lið 10. gr. samkeppnislaga, sbr. 12. gr., til að gefa út leiðbeinandi verð á eggjum fyrir framleiðendur eggja. Undanþágan er veitt í ljósi þess að opinberri verðlagningu á eggjum samkvæmt búvörulögum verði jafnhliða hætt. Undanþága þessi verður tekin til endurskoðunar einu ári eftir að hún tekur gildi. Meðan undanþága til birtingar leiðbeinandi verðs gildir skal Félag eggjaframleiðenda tilkynna Samkeppnisstofnun allar verðbreytingar í síðasta lagi þegar þeim er ætlað að taka gildi.“*

Samkeppnisráð komst í ákvörðun sinni nr. 46/1996 vegna erindis Félags kjúklingabænda að sömu niðurstöðu og vegna erindis Félags eggjaframleiðenda.

Ákvarðanir samkeppnisráðs nr. 45/1996 og nr. 46/1996 byggðust, eins og í þeim segir, á þeirri forsendu að viðkomandi atvinnugreinar væru að færa sig undan opinberri verðlagningu sexmannanefndar í átt að frjálsri verðlagningu og myndu verða teknar til endurskoðunar í lok þessa árs. Þessi forsenda er ekki fyrir hendi hvað varðar þá atvinnugrein sem Svínaræktarfélag Íslands er í forsvari fyrir.

2.

Í rökstuðningi Svínaræktarfélagsins vegna erindisins kemur ekki fyrir nein sú forsenda sem samkvæmt staflíðum 16. greinar samkeppnislaga þarf að vera fyrir hendi til þess að samkeppnisráð geti heimilað útgáfu leiðbeinandi verðlista. Aftur á móti koma þar fram skoðanir á því að markaðsaðstæður skuli endurspeglast í verði vörunnar.

Í fylgiskjali með erindinu koma fram upplýsingar um að framleiðsluaukning hafi verið um 31% frá 1993–1996 og að á sama tíma hafi orðið um 26% lækkun framleiðendaverðs. Markaðshlutdeild greinarinnar á kjötmarkaði er sögð hafa á tímabilinu aukist úr 17.5% í 23%. Fram kemur einnig að neytendur hafi notið góðs af framleiðsluaukningunni í lækkandi verði á svínakjöti.

Samkeppnisráð álítur að leiðbeinandi verðlistar séu í fæstum tilfellum til þess fallnir að auka samkeppni, og þar með lækka verð vöru. Þvert á móti verður að leggja áherslu á að skilaboð markaðarins leggi grunninn að framleiðslu og verði vöru. Samkeppnisráð lítur svo á að markmið svínabænda sem koma fram í fylgiskjali þeirra, þ.e. hagkvæmni, kynbætur og þar með aukin framleiðni í greininni, komi bæði framleiðendum og neytendum til góða. Ráðið telur að þannig muni svínaræktendum farnast best í innbyrðis samkeppni og samkeppni við staðgönguvörur.

Við athugun vegna fyrra erindis Svínaræktarfélagsins kom í ljós að með samráði af því tagi sem felst í leiðbeinandi verðlista hefur verið hægt að hafa áhrif ekki aðeins á verð heldur einnig á markaðshegðun félagsmanna og um þetta sagði meðal annars eftirfarandi 3. tölulíð niðurstöðukafla ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 41/1994: „*Verðskrá sú sem Svínaræktarfélagið hefur gefið*

út um árabíl er eins og dæmin sýna í raun meira en viðmiðunarverðskrá. Með henni er reynt að koma á framfæri skilaboðum til framleiðenda um hvernig þeir eigi að haga sér á markaðnum fyrir svínakjöt. Skilaboðin eru án nokkurs vafa til þess fallin að draga úr samkeppni á svínakjötsmarkaðnum. Sá markaður er hvorki flókinn né margþættur þannig að skýr skilaboð eiga að berast frá honum án milligöngu Svínaræktarfélags Íslands.“ Slík leiðsögn er fram kom við athugunina er til þess fallin að hefta skilaboð markaðarins og þar með draga úr samkeppni á markaði.

Ekki verður séð að það stuðli að tilgangi og markmiði samkeppnislaga að fela hagsmunafélagi framleiðenda að gefa út leiðbeinandi verðlista. Samtök svínaræktenda hafa ásamt öðrum búvöruframleiðendum þann möguleika að opinber aðili, sexmannanefnd, ákvarði verð á vöru þeirra. Atvinnugreinin hefur ekki nýtt sér þennan möguleika á framleiðslustjórnun og verðstýringu hingað til.

3.

Í umsögn framleiðsluráðs um það erindi sem hér er til umfjöllunar er vísað til fyrri umsagnar er ráðið sendi Samkeppnisstofnun um sambærilegt erindi sem Svínaræktarfélagið sendi stofnuninni árið 1993. Samkeppnisráð tók ákvörðun í máli þessu 28. desember 1994, nr. 41/1994. Ákvörðunarorð þeirrar ákvörðunar voru eftirfarandi :

„Samkeppnisráð telur að Svínaræktarfélag Íslands hafi ekki sýnt fram á það í þeim gögnum sem hafa verið afhent að erindi um undanþágu til útgáfu leiðbeinandi gjaldskrár fyrir Svínaræktarfélag Íslands uppfylli skilyrði 16. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 sem sett eru fyrir undanþágu frá bannákvæðum 10., 11. og 12. gr. laganna. Ekki hefur verið sýnt fram á að hún sé nauðsynleg til að vernda neytendur, lækka verð eða auka gæði þeirrar vöru sem um er að ræða. Ekki verður því séð að betur verði stuðlað að tilgangi og markmiði laganna með því að veita undanþáguna. Samkeppnisráð telur að undanþága til útgáfu á viðmiðunarverðskrá dragi fremur úr möguleikum á samkeppni á þeim markaði sem við á.

Beiðni Svínaræktarfélags Íslands um undanþágu frá 10. gr. og 12. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 er hafnað og bann lagt við þeirri markaðslegu

leiðsögn sem fram hefur komið í skilaboðum Svínaræktarfélagsins og birt hafa verið með verðskrár félagsins.“

Svínaræktarfélagið áfrýjaði ákvörðun samkeppnisráðs nr. 41/1994 til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Áfrýjunarnefndin úrskurðaði í málinu 26. maí 1995 og staðfesti fyrirnefnda ákvörðun samkeppnisráðs. Í úrskurði áfrýjunarnefndar segir meðal annars:

„Í 16. gr. samkeppnislaga felst heimild til að veita undanþágu frá bannákvæðum laganna að vissum skilyrðum fullnægðum. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála telur, með vísan til forsendna niðurstöðu samkeppnisráðs, að áfrýjandi hafi ekki sýnt fram á, að umbeðin undanþága sé bráðnauðsynleg til að vernda neytendur, lækka verð eða auka gæði þeirrar þjónustu er hér um ræðir, sem er hins vegar skilyrði þess að undanþága verði veitt samkvæmt nefndu lagaákvæði. Ekki verður því séð að betur verði stuðlað að tilgangi og markmiði laganna með því að veita undanþágu fyrir hinni leiðbeinandi gjaldskrá.

Við þessar aðstæður telur áfrýjunarnefnd samkeppnismála ekki efni til að hnekkja hinni áfrýjuðu ákvörðun samkeppnisráðs. Af því leiðir að krafa áfrýjanda verður ekki tekin til greina. Ber því að staðfesta ákvörðun samkeppnisráðs í máli nr. 41/1994, frá 28. desember 1994.“

Framleiðsluráð mælir nú sem fyrr með, án frekari rökstuðnings, að Svínaræktarfélagi Íslands verði heimilað að gefa út leiðbeinandi framleiðendaverð fyrir félagsmenn.

4.

Fram kemur í umsögn Neytendasamtakanna að samtökin eru sem fyrr andvíg því að Svínaræktarfélaginu verði veitt heimild til þess að gefa út leiðbeinandi verð til félagsmanna sinna. Slíka verðskrá telja samtökin hindra virka samkeppni og vinna þannig gegn þeim árangri sem náðst hafi í greininni og neytendur notið góðs af.

5.

Samkeppnisráð telur svar Svínaræktarfélagsins, vegna fullyrðinga félagsins í erindinu um að sláturleyfishafar gefi út verð til bænda og að verðlagning í

kjötmatflokka hafi riðlast miðað við hver hún var í viðmiðunarverðlistum félagsins 1994, styðji enn frekar það álit ráðsins að viðmiðunarverðlistar félagsins hafi hamlað gegn því að markaðsöflin réðu verðlagsþróun á svínakjötmarkaðnum.

Þann 1. júní 1994 tók gildi ný reglugerð, um breytingu á reglugerð nr. 188/1988, um slátrun, mat og meðferð sláturafurða, með síðari breytingum, sem fjallaði meðal annars um kjötmat á svínakjöti. Í reglugerðinni er flokkum fjölgað og breyting gerð á röðun í flokka. Til dæmis var í eldri reglugerð frá 1988 minni háttar útlitsgallað kjöt dæmt í flokk II, en í reglugerð frá 1994 er kjöt með útlitsgalla dæmt í undirflokk, þ. e. merkt X.

Svínaræktarfélag Íslands sótti í lok október 1993 um undanþágu frá bannákvæðum samkeppnislaga til þess að gefa út viðmiðunarverðskrá fyrir félagsmenn. Fyrir þann tíma hafði félagið gefið út viðmiðunarverðskrá sem þjónaði þeim tilgangi að vera bæði til leiðsagnar um verð og markaðshegðun. Á því tímabili sem leið frá því að félagið sendi inn umsókn um undanþágu og þar til félaginu var bannað að gefa út verðskrána, í desember 1994, gaf það út þrjár verðskrár, þ.e. í janúar 1994, júní 1994, og október 1994. Fram kom fjölgun kjötmatflokka í verðskrá félagsins frá því í júní 1994 í samræmi við gildistöku nýrrar reglugerðar, 1. júní 1994, um kjötmatflokkun svínakjöts.

Í inngangsorðum í viðmiðunarverðskránni frá því 1. júní 1994 segir: „*Hinn 1. júní 1994 mun taka gildi ný reglugerð um mat á svínakjöti, þar sem gæðaflokkun er breytt nokkuð frá því sem verið hefur frá 1. september 1988. Af þeirri ástæðu telur Félagsráð SFÍ óhjákvæmilegt að gefa út nýja viðmiðunarverðskrá til leiðbeiningar fyrir kaupendur og seljendur svínaafurða um verðlagningu einstakra gæðaflokka og eðlileg hlutföll milli þeirra.*“ Þar sem þessi viðmiðunarverðskrá var gefin út samtímis reglugerðarbreytingunni fékk markaðurinn ekkert tækifæri til að hafa áhrif á uppbyggingu verðskrárinnar og var Svínaræktarfélagið þar með einrátt um þá uppbyggingu sem þar birtist. Næsta viðmiðunarverðskrá félagsins, og sú síðasta, var gefin út af félaginu 1. október 1994. Sýndi hún óbreytt verðhlutfall milli gæðaflokka til dæmis í grísaflokkunum. Telja verður að verðlagning hljóti að fara eftir gæðaflokkum og eftirspurn eftir vöru í hverjum flokki. Sú fjölgun flokka sem

fram kemur í reglugerðinni 1994 hlaut því að hafa í för með sér einhverjar breytingar.

Telja verður að ákvörðun samkeppnisráðs frá desember 1994 um að banna Svínaræktarfélaginu að gefa út viðmiðunarverðskrá, meðal annars á þeirri forsendu að markaðsöflin væru betur til þess fallin heldur en hagsmunafélög framleiðenda að verðleggja vöru, hafi leitt til þess að verðbreytingar á markaðnum hafi mótast af eftirspurninni óháð gæðaflokkum eða bili milli gæðaflokka. Með tilliti til þess að á sama tíma hafði nýlega tekið gildi ný skipan gæðaflokkunar getur ekki talist óeðlilegt að verðuppbygging hafi breyst og að hver sláturleyfishafi, í greiðslum til bænda, taki tillit til eftirspurnar á hverjum tíma.

6.

Samkeppnisráð telur með ofangreint í huga að ekki verði betur stuðlað að tilgangi og markmiði samkeppnislaga með því að veita Svínaræktarfélaginu heimild til útgáfu viðmiðunarverðskrár fyrir félagsmenn.

V.

Ákvörðunarorð:

„Samkeppnisráð telur ekki ástæðu til að breyta ákvörðun sinni nr. 41/1994. Beiðni Svínaræktarfélags Íslands um undanþágu frá 10. gr., sbr. 12. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 til þess að gefa út leiðbeinandi verð á svínaafurðum er því hafnað.“